

1866.

30. nóvbr.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heiðurspening handa frakkneskum skipstjóra fyrir að hafa bjargað útlenzkum sjómönnum úr lífsháska.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 10. þ. m. allramildilegast að veita Louis Joseph Mathoré, skipstjóra frá Dunkerque, heiðurspening, ætlaðan til að bera hann á brjóstinu, fyrir að hafa bjargað í aprílmánuði þ. á. skipshöfninni á íslenskum fiskibáti, sem kominn var í lífsháska á sjó.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, og skal því við bætt, að utanríkisstjórninni hefir verið sendur hëðan heiðurspeningur sá, sem sleginn hefir verið af þessu tilefni, til þess að hún ráðstafi honum frekar.

10. desbr.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af gjaldi af þurrabúðum og af eyðieyjum.

Eins og vikið er á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. febrúarmán. þ. á., var amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, og amtmanninum yfir vesturumdæminu, skrifað til um, hvernig þeim virtist eiga að svara spurningum þeim, sem þér, herra stiptamtmaður, höfðuð borið upp í bréfi yðar, dags. 20. októbermán. f. á., en þær voru þessar:

1. hvort að eigi að reikna alþingistoll af leigu þeirri eða afgjaldi, sem þurrabúðarmenn gjalda eiganda jarðar þeirrar, þar sem hús þeirra eru byggð, og
2. hvort að eigi að setja eyðieyjar, sem hafa verið metnar í einu lagi með einhverri jörð og þess vegna enginn dýrleiki er á útaf fyrir sig, í alþingistoll sér, þegar þær ekki eru leigðar ásamt með jörð þeirri sem þær liggja undir, en eigandinn hefir sjálfur notin af þeim.

Nú er oss hafa borizt álitsskjöl amtmannanna um þetta efni, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar:

1866.
10. desbr.

Um 1. spurningu. Einsog það að stjórnarráðsins hyggju er vafalaust, að það verður að fara með þurrabúðir, sem nokkurt land fylgir, eins og jarðarparta, og að þær því eiga inn undir ákvörðunina í opna bréfinu 18. júlímán 1. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að $\frac{3}{4}$ af alþingiskostnaðinum skuli jafnað niður á fasteignirnar í landinu eptir afgjaldinu til landsdrottins, eins virðist mega skoða það sem notkun lands þess, sem liggur undir jörðina, þegar eigandinn gefur leyfi til að byggðar sæu þurrabúðir á lóð hennar, og það á því að vorri hyggju allt eins að leggja toll á þann arð, sem rennur í garð eigandans af þessari notkun jarðarinnar, þó að enginn grasvöllur fylgi þurrabúðinni, eins og af afgjaldi því, sem goldið er fyrir sjálf leiguliðanotin.

Um 2. spurningu. Þegar að jarðareigandi hefir á þann hátt, sem hér er gjört ráð fyrir, áskilið sér afnotin af eyju, sem liggur undir jörð, sem hann hefir byggt öðrum manni, þá er það eins vafalaust, að hann í raun og veru hefir afnotin af nokkrum hluta jarðarinnar, eins og að afgjald það, sem leiguliðinn geldur, ekki er eptirgjald eptir alla jörðina, og það er í alla staði samkvæmt opna bréfinu frá 18. júlímán. 1848 og reglugjörð dómsmálastjórnarinnar s. d., að sá hluti jarðarinnar, sem svona er engum byggður, en eigandinn sjálfur hefir notin af, sé settur í alþingistoll á líkan hátt og jarðir og jarðarpartar, sem eigandinn sjálfur hefir til ábúðar. Slíkt hið sama er og um það, sem ekki á sér sjaldan stað um jarðir, sem eyjar með dúntekju liggja undir, sem sé, að eigandinn að nafninu til hafi byggt alla jörðina fyrir ákveðið landskuldargjald, en um leið áskilið sér að bera upp annaðhvort allan arðinn af hlunnindinu eða nokkurn hluta hans, því þá á að hafa tillit til þess ástands sem er, þegar alþingistollurinn er ákveðinn, þannig að hann, þegar svona er ástatt, sé reiknaður bæði af afgjaldi því, sem leiguliðinn geldur eiganda jarðarinnar, og af ágóða þeim, sem ætlazt verður á að eigandinn hafi af þeim hluta af hlunnindum jarðarinnar, t. a. m. dúntekju, selveiði og öðru þesskonar, sem hann hefir áskilið sér.

1866.

10. desbr.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, hlýtur dómsmála-
stjórnin að vera yður samdóma, herra stiptamtmaður, um að
kveða eigi jáyrði við báðum þessum spurningum¹.

27. desbr.

92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- valdanna á Íslandi, um það, hvernig verja eigi leig- unum af Thorchillii sjóði.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslu-
stjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 5. október-
mán. þ. á. allramildilegast að fallast á, að verja megi leigunum
á ári hverju af Thorchillii sjóði, frá því 11. júnímán. 1867 og
framvegis fyrst um sinn, að frádregnum umboðskostnaðinum, til
viðurværis og uppeldis handa fátækustu börnunum í Kjalarnes
þingi hinu forna, hjá guðhræddum og ráðvöndum fósturforeldrum,
eptir niðurskipan þeirri, sem stiptsyfirvöldin á Íslandi á ári
hverju eiga að gjöra, samkvæmt reglum þeim, sem kirkju- og
kennslustjórninni ber að skipa fyrir um.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæru-
verðugi herra, er kunngjörður konungsúrskurður þessi, skal yður
til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér
gjörðið rádstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið hefir
ákvarðað, að um skiptin á leigum sjóðsins skuli farið eptir
reglum þeim, sem hér fara á eptir, og eru þær að mestu leyti
samkvæmar uppástungum þeim, sem stiptsyfirvöldin hafa gjört
í bréfum, dagsettum 16. og 30. októbermán. f. á. og 4. ágúst-
mán. þ. á.

Í byrjun hvers árs eiga stiptsyfirvöldin að láta kunngjöra
í hverjum hrepp um sig í Kjalarnes þingi hinu forna og í
Reykjavíkur kaupstað, að leigum þeim af Thorchillii sjóði, sem
tekið verður til það ár, að frádregnum umboðskostnaðinum, verði
skipt niður, til þess að koma fátækustu börnunum í héraðinu

¹) Hinum amtmönnunum var sama dag birtur úrskurður þessi.